

5. FUNDUR SAMSAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Miðvikudaginn 25. janúar 2021, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 17.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson, Jón Örn Stefánsson og Valdimar O. Hermannsson

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Kristján Steinar Kristjánsson og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Öryggismál

Slökkviliðsstjórar mættu á fundinn. Rætt um brunavarnir. Umræður voru færðar í vinnuskjal.

2. Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Umræður um svar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við umsókn samstarfsnefndar um framlög vegna viðræðnanna dagsett 8. janúar 2021, sbr. 4. fund samstarfnefndar þann 11. janúar. Ráðgjöfum var á fundinum falið að gera drög að bréfi vegna afgreiðslu Jöfnunarsjóðs og formanni veitt umboð til að senda það fyrir hönd nefndarinnar. Ákveðið að taka niðurstöðu ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs að svo stöddu og hætta við að senda bréf.

Greiðslur fyrir starfshópa. Formanni og ráðgjöfum falið að gera tillögu fyrir næsta fund.

3. Atvinnumál, byggðapróun

Lagt fram stytt útgáfa minnisblaðs um atvinnu- og byggðamál til umræðu. Farið var yfir skjalið og það uppfært. Uppfært skjal verður sent nefndarmönnum í tölvupósti til yfirlustrar fyrir næsta fund.

4. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn sem fjarfundur 1. febrúar 2021 kl. 17.

5. Vefsvæði

Litlir möguleikar eru á breytingum á framsetningu efnis á vef Húnahornsins. Lagt er til að leitað verði til Stefnu ehf. um áskrift að vefumsjónarkerfi fyrir verkefnið. Ráðgjöfum falið að fá tilboð.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:10.